

[www.lso.is](http://www.lso.is)

grunnskólanemar velja verk á sýningu  
í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

23. febrúar – 2. september 2007



úrval texta eftir grunnskólanema

## Reifabarn

LSÓ 137

Krútt og sætt, en himinninn er stór og hættulegur.

*Harpa 2.b. Smáraskóla*

Listaverkið er flott úr ljósum steini og svona nokkurn veginn kúlu-  
lagað og slétt, gerir það krúttlegt. Ekki ýkt of mikið þannig að allt sé  
út um allt og of mikið í einu listaverki. Á þessu listaverki er þetta bara  
einfalt og flott. Fer róandi í mann.

*Sunneva 9.ME Vogaskóla*

Yndislegt og fallett verk. Minnir mig á ungbörn í heiminum sem eiga  
allt lífið framundan.

*Jóhanna Björk 7.G Hvassaleitisskóla*

## Sjómaður

LSÓ 012

Mér líður eins og ég sé sjómaður sem hugsar: Þetta er síðasta stund  
mín.

*Þórður Ágúst 6.N Laugarnesskóla*

## Víkingur

LSÓ 162

Ég valdi þetta verk af því að það er svo frumlegt og fallega gert. Það  
er hugsað út í hvernig lífið var fyrir langa löngu.

*Jovan 6.L Laugarnesskóla*

Einu sinni var tröll sem gat breytt sér í víking og þegar hann gerði  
það þá fór hann að stelast inni í skip og fékk sér að éta. Þegar hann  
var búinn þá synti hann til Íslands og breyttist í stein og þá hét hann  
Hvítserkur.

*Agnar Alexander 3.S Laugarnesskóla*

..minnir mann á að Íslendingar voru eitt sinn víkingar og grófa-gerð  
hans minnir mann á hraunin, þessi skúlptúr segir manni sögu og gerð  
Íslands.

*Viktor 10.b. Landakotsskóla*

## Sköpun

LSÓ 072

Mér finnst þetta fallett  
mér finnst þetta eins og skrímsli  
mér finnst það stórt  
mér finnst það verulega fallett.

*Karen 3.S Laugarnesskóla*

Þessi stytta er friðsöm  
undurfalleg stytta  
eins og fugl og ljós  
glitrandi fallegt ljós.

*Niels 3.S Laugarnesskóla*

## Ekkjan

LSÓ 198

Þetta minnir mig á söguna um litlu stúlkuna með eldspýturnar, því þar er hún ein og hefur engan að. Mér fannst verkið fallegt og kuldalegt. Það nær alveg til mín og svo er það svo tómlegt.

*Arna Rín 6.S Laugarnesskóla*

Mér finnst það sorglegt og kuldalegt. Hún faðmar grafsteininn og starir út í loftið eins og hún sjái eitthvað með tárin í augunum.

*Hákon 6.N Laugarnesskóla*

## Köttur II

LSÓ 142

Verkið minnir mig á köttinn sem hún amma mín átti og hvernig hann lék sér á milli stólfótanna í eldhúsinu. Mér finnst nefnilega dásamlega mikil hreyfing í verkinu - og svo langar mig til að sjá verkið frá öðru sjónarhorni.

*Jón H. 10.b. Landakotsskóla*

## Vorboði

LSÓ 151

..minnir mann á loga..

*Heiður 9.ME Vogaskóla*

## Langt nef

LSÓ 157

Ég er sjálfur með svona húmor. Ég skil listamanninn vel hvað hann var að hugsa en get ekki lýst því í orðum. En sannur listamaður getur séð athlægið og spottið við veröldina.

*Böðvar Ingi 6.N Laugarnesskóla*

## Tréhnútur

LSÓ 152

Letidýr liggur  
með sinn lata bók  
liggur á maganum  
eins og frosinn steinn.

*Marteinn 3.S Laugarnesskóla*

## Knud Rasmussen

LSÓ 025

Mér finnst þessi mynd vera  
eins og skíðamaður að ferðast um ís.  
Hann er með sex refi  
og þeir standa og horfa á norðurljósin.

Þetta finnst mér falleg mynd  
mér finnst hún brosa til mín.  
Ég sé að hann er hjartahlýr  
og tillitssamur.

*Selma 3.S Laugarnesskóla*

Þessi mynd er af sleðahundum sem eru góðir vinir. Þeir eru alltaf úti  
að draga sleðann. Fremsti hundurinn heitir Hringur - hann og Snati  
voru bestu hundarnir, þeir voru oftast úti.

*Hafþór Ernir 3.S Laugarnesskóla*

## Baráttan um fjöreggið

LSÓ 098

Hérna er annað hvort stríð eða eldfjall sem er að springa.

*Óliver Adam 2.b. Smáraskóla*

## Börn að leik

LSÓ 206

Börn leika og leika  
því lífsgleðin leikur um þau öll  
þeim líður líka svo vel

*Sólrún Bára 3.S Laugarnesskóla*

Það er skemmtilegt að leika í París og það er skemmtilegt líka að  
reyna að hugsa, en það er líka fyndið að vera á hlið og liggjandi. Mér  
finnst eins og þau séu í París og þau eru góð við hvort annað og  
hjartahlý.

*Thelma Dís 3.S Laugarnesskóla*

## Gríma

LSÓ 011

Ég hugsaði fyrst að höfundurinn vildi sýna að menn fela sig á bakvið  
grímur. Það er gríma sem er á okkur öllum, feimnin, fela reiðina, ekki  
vera við sjálf, heldur einhver annar. Mér fannst svo gott að skilja  
þetta verk af því að ég sá að ég var sjálfur með grímu á mér. Ég sá  
að nokkrir eru ekki þeir sjálfir heldur eru að leika einhvern annan. Þá  
eru þeir með grímuna.

*Heimir 6.L Laugarnesskóla*

## Lífslöngun

LSÓ 226

*Lífið*

Lífið er það sem mikilvægast er.

Þú ferð upp til himnaríkis

þegar það fer.

*Urður 3.S Laugarnesskóla*

## Hærra til þín

LSÓ 113

Frumlegt og dálítið framtíðarlegt, líkist dálítið framtíðarhúsi ef í-myndunaraflið er notað!

*N. Ragnar 9.ME Vogaskóla*

## Kroppinbakur

LSÓ 003

Þessi mynd minnir mig á Kvasímótó sem var uppáhalds persóna mín í sögunni um hringjarann í Notredam

*Hildur Ýr 9.ÁP Vogaskóla*

## Múrinn

LSÓ 158

Ég hef lengi viljað sjá múr

mér er sama hvað hann er stór

bara fallegur.

*Berta 3.S Laugarnesskóla*

## Svanir

LSÓ 021

„Til þess að öðlast frelsi þurfum við öll að gefa lítinn part af sjálfi okkar“. Þetta er mér efst í huga þegar ég virði þetta verk fyrir mér. Við höldum öll að við getum fengið allt án þess að gefa neitt, við lifum í eintómri sjálfsselsku. Allir þurfa á verndarvæng yfir öxl að halda, annars verðum við úti í blindbyl lífsins. Sá sem gaf báða sína útlími fékk að launum ást, kærleika og skjól.

*Andrea 10.b. Landakotsskóla.*

Mér finnast Svanirnir fallegir og yfirvegaðir og svanir standa alltaf upp úr fuglahóp, þeir eru eins og þeir séu að horfa á eitthvað stórfenglegt, framtíðina kannski, en þeir komast ekki þangað strax. Þeir hafa eitthvað gott til að hlakka til.

*Elísabet Birta 10.BE Vogaskóla*

## Hringrás

LSÓ 166

Það minnir mig á vetur, eins og verkið sé frosið.

*Martha 10.BE Vogaskóla*

*Tréð*

Ég á tré úti garði.

Það er fínt.

Það er gert úr silfri.

Og það er uppáhaldréð mitt.

og skemmtilegt að leika við það.

*Drífa Hrönn 3.S Laugarnesskóla*

## Móðir mín

LSÓ 007

Elsku mamma, þú sem hefur hugsað mikið um mig

vil ég hafa þig -

þú hefur fallett hár og augu.

Ég vil hafa þig til að strjúka á mér hárið.

Ég lofa þér hvar sem þú ert

að ég mun aldrei gleyma þér.

*Anita 6.L Laugarnesskóla*

## Hringekjan

LSÓ 079

Klifurgrind

Ég er klifurgrind

í gamla daga var ég kölluð hringekja

það er flott nafn.

Mér finnst listaverkið fallett.

*Katrín 3.S Laugarnesskóla*

..minnir á bækur skrifaðar með dulmáli frá í gamla daga.

*Sigurjón 2.b. Smáraskóla*

## Finngálkn

LSÓ 015

Listamaðurinn hlutgerir hér forna óvætt á mjög listrænan og flottan hátt. Ég hef heyrt eitthvað um þetta verk og langar að sjá það sjálfur, en það minnir mig á íslenskar þjóðsögur.

*Gísli 10.b. Landakotsskóla*



## Pallas Aþena

LSÓ 055

Listaverkið er eins og maður sem starir á mig og vill bara gera það af því honum finnst ég vera falleg og með gott hjarta.

*Guðlaug Dís 3.S Laugarnesskóla*




## Farið bak við tunglið

LSÓ 030

Verkið minnir mig á nóttu og það sem er skorið, það er birtan sem kemur frá tunglinu.

*Óliver Adam 2.b. Smáraskóla*



## Stefán Stefánsson

LSÓ 216

Maður var á gangi  
sá var nefndur Þór á Kjarnarbóli.  
Hann átti mær og tvo orma  
víst vildi hann flytja  
en sá var blankur þó.

*Úlfur 3.S Laugarnesskóla*



## Surtur

LSÓ 042

Oft finnst mér ég vera þessi dásamlegi Surtur. Ég tel mig vera ljómandi mikilfenglegur eldur á þessum verri tímum bernskuáranna. Skúlpúrinn hefur mikla litadýrð en samt dýpt og mystíska dulúð.

*Jóhann 10.b. Landakotsskóla*

Heiti þessarar sýningar skýrist af því að heildarskrá listaverka Sigurjóns Ólafssonar hefur nú verið gerð öllum aðgengileg á netsíðum safnsins:

[www.lso.is](http://www.lso.is).

Þar geta þeir sem hafa aðgang að netinu skoðað öll þau þrívíðu verk sem vitað er að Sigurjón gerði um ævina og til eru ljósmyndir af. Heildarskráin var áður gefin út sem hluti af ritinu *Sigurjón Ólafsson ævi og list*, en hefur nú verið uppfærð.

Kveikjan að þessari sýningu voru þeir möguleikar sem opnuðust með net-skránni til að kynna skólabörn fyrir list Sigurjóns. Var þeim boðið að skoða ákveðið úrtak úr skránni og velja listaverk sem þau langaði til að sjá. Ætlast var til að óskum nemenda fylgdi texti, rökstuðningur, túlkun á listaverkinu, hughrif við skoðun á því, ljóð, prósi eða annað slíkt. Margir myndmennta-kennarar grunnskólanna aðstoðuðu börnin við þetta val.

Safninu bárust um eitt hundrað óskir frá jafnmörgum nemendum. Því miður var ekki pláss fyrir öll þau verk sem óskað var eftir að sjá, en við endanlegt val á sýninguna var tekið tillit til texta nemendanna og einnig sýningarheildarinnar. Úrval texta sem safninu barst er birt í þessari skrá, þar á meðal textar við verk sem ekki komust fyrir á sýningunni.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Laugarnestanga 70  
105 Reykjavík  
[www.lso.is](http://www.lso.is) - [lso@lso.is](mailto:lso@lso.is)  
febrúar 2007

Sigurjón Ólafsson  
1908 – 1982

